

Verkefni: Stjórnarfundur Gíggjunnar.
Dagsetning fundar: 13. september 2010.
Tímasetning fundar: kl. 18:00 - 20:00
Fundarstaður: Súfistinn Hafnarfirði.

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	formaður	Mætt
Jófríður Guðmundsdóttir (JG)	varaformaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Anna Inga Grímsdóttir (AIG)	gjaldkeri	Mætt
Anna Laxdal Þórólfsdóttir (AL)	meðstjórnandi	Fjarverandi

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

1. Umsókn kvennakórsins við Háskóla Íslands.

Formleg umsókn hefur borist frá kvennakórnum við Háskóla Íslands. Umsóknin var samþykkt og eru þær komnar inn í Gíggjuna formlega. (JG) setur inn allar upplýsingar um aðildakórinn inn á vefsetrið og sendir þeim formlegt svar. Þær verða síðan boðaðar á aðalfund Gíggjunnar. (AG) hafði samband við Kvennakór Siglufjarðar. Þær eru ekki farnar að starfa aftur, en hafa í huga að athuga með samstarf við Ólafsfjörð þegar Héðinsfjarðargöngin hafa opnað og styttra verður að fara á milli staða. (JG) ætlar að hafa samband við kvennakórinn Sölku á Dalvík og óska eftir því að þær sendi inn formlega umsókn til Gíggjunnar.

2. Jólagag Gíggjunnar.

Elín Gunnarsdóttir er í Frakklandi. (AG) hafði samband við hana í netpósti til að athuga með stöðuna á jólagaganu og vonandi kemur það í ljós mjög fljótlega.

3. Tónlistarsjóður menntamálaráðuneytis.

(AIG) sótti um styrk hjá tónlistarsjóði menntamálaráðuneytisins vegna jólagagsins sem Elín Gunnlaugsdóttir ætlar að semja fyrir Gíggjuna en fékk neitun um styrk frá þeim.

4. Nótur.

(SH) hafði samband við Sigrúnu Óskarsdóttur sem hafði á sínum tíma umsjón með samkomulagi við Tónverkamiðstöðina vegna landsmótslaga og nótna fyrir kvennakóra. Enn vantar frekari upplýsingar um samþykki sem lágu fyrir frá Tónverkamiðstöðinni og höfundum en farið verður í að fá ítarlegri upplýsingar um stöðu mála. Koma þarf sem fyrst lögum Gíggjunnar og lögum kvennakóra inn á lokað svæði sem aðgengilegt verður aðildarkórnum.

5. Skönnun og upplýsingar á heimasíðu.

(JG) ætlar að hafa samband við Heiðu Gunnarsdóttir um að fá aðstoð við skönnun á CD umslagi og koma inn á heimasíðuna RÚV upptöku sem var tekin upp í Hafnarfjarðarkirkju við frumflutning á fyrsta jólagagan Gíggjunnar.

6. Fundir, fundargerðir og flutningur lögheimilis.

(AG) hefur samband við (AL) um að hafa samband við Guðbjörgu Gylfadóttir í Kvennakór Reykjavíkur vegna erindis á síðasta aðalfundi, þar sem enn vantar að setja erindið inn í fundargerð aðalfundsins. (AIG) ætlar að senda inn breytingu á lögheimili Gígjunnar hjá fyrirtækjaskrá.

7. Aðalfundur og stjórn

Aðalfundur verður þann 30. október. (SH) sendir út fundarboð sem þarf að fara í póst 30 dögum fyrir aðalfund. Senda þarf boð á formenn kóranna í pósti og síðan verða einnig send út fundarboð í netpósti á formenn kóranna. (AIG) ætlar að senda (SH) lista yfir formenn sem þarf að uppfæra áður en fundarboð verða send út.

(JG) fer úr stjórn og vantar konu í stað hennar í stjórn Gígjunnar. Senda þarf beiðni til formanna kóranna um að fá tilnefningu í stjórn Gígjunnar og einnig að fá tilnefningar frá kórunum um konur sem þær telja eiga heiður skilinn fyrir starf sitt í kórnum, jákvæðni, félagsstarf og annað sem konum finnst þær hafa gefið af sér til kvennanna og kórstarfsins.

(AG) athugar með (AL) og varastjórnina hvort þær haldi allar áfram eða einhver ætli að hætta. (AG) ætlar að finna lista hjá sér sem hún á að eiga yfir þá kóra sem aldrei hafa átt konur í stjórn Gígjunnar. (AG) tekur að sér að gera bréf til að senda á póstlistann vegna óska um tilnefningar í stjórn. (JG) á til lista þar sem stjórn er skipt niður á kórana þar sem hringja þarf í framhaldi af póstsendingunum.

Jórukonur koma til með að halda kynningu á landsmóti kvennakóra á aðalfundinum. (JG) ætlar að hafa samband við Ingibjörgu Pétursdóttur um hvort hún geti verið með erindi á aðalfundinum.

Senda þarf út spurningalista á kórana sem fyrst og þá helst í vikunni 13.-19. september. Stjórnin verður í netsambandi vegna spurningalistans. (AG) ætlar að hafa samband við Heiðu Gunnarsdóttur vegna húsnaðis fyrir aðalfundinn og athuga hvort hún geti bjargað okkur um skjávarpa. (AG) ætlar að heyra í Margréti Pálmadóttur og viðra þá hugmynd um málþing hjá kórstjórum kóranna og hugmyndin var að hafa málþingið sama dag og aðalfundinn.

8. Landsmótsnefnd og landsmót kvennakóra á Selfossi 2011.

Petra Sigurðardóttir og Halla Baldursdóttir frá Jórukórnum á Selfossi mættu á fundinn kl. 19.00.

Þær stöllu fræddu stjórnina um störf sín við landsmótið og upplýstu stjórnina um störf sín á síðastliðnum 2 starfsárum. Húsnaði hefur verið tryggt og voru allir gistaðir á svæðinu látnir vita með góðum fyrirvara. Mótsstjóri hefur verið ráðinn og er það Margrét Bóasdóttir sem tók það að sér. Mótið verður haldið helgina 29. apríl til 1. maí 2011. Örlygur Benediktsson hefur verið ráðinn til að semja landsmótslagið. Samstarf er tryggt með Stórsveit Suðurlands. Gerð var ítarleg fjárhagsáætlun í upphafi og fékk kórinn styrk frá Menningarráði Suðurlands til mótshaldsins og einnig styrk frá Musica Nova vegna landsmótslagsins. Búið er að ákveða hvaða vinnuhópar eiga að vera og stór hluti

tónlistarinnar ákveðinn. Verið er að vinna í útsetningum. Nú í haust verður kórnum skipt í vinnuhópa vegna landsmótsins. Verið er að vinna í merki fyrir mótið og kórinn. Framundan er síðan að fá frekari fjármögnun þ.e. styrki og safna auglýsingum frá fyrirtækjum. Eftir er síðan að skipuleggja listræna dagskrá og afþreyingu ásamt mat og uppsetningu. Jórukonur koma síðan til með að kynna allt þetta frekar á aðalfundi Gígjunnar þann 30. október. Ákveðið var að setja inn í spurningalista Gígjunnar spurningar um hvort kórar ætli á landsmótið og hvort þeir séu búnir að tryggja sér gistingu svo að Jórukonur geti séð betur hvað þær geti áætlað að margar konur komi á mótið.

Petra og Halla töluðu um að það hafi sárlega vantað beinagrind fyrir þær um hvernig á að standa að svona landsmóti. Þær höfðu fengið ýmsa punkta og gögn frá Kvennakór Hornafjarðar en töldu að það þyrfti að vera til mappa með þeim aðalatriðum sem þarf að huga að í fórum Gígjunnar.

Stjórnin ætlar því að athuga hvort ekki megi setja á nefnd með þeim kórum sem haldið hafa landsmót og gera möppu sem hægt er að eiga í fórum Gígjunnar og þeir kórar sem halda landsmót geta fengið afrit af.

Vantar að vita hvenær næsti stjórnarfundur verður.....

Fundi var slitið kl. 20:00.

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir